

6.fundur Velferðarnefndar Stranda og Reykhólahrepps, haldin 30.ágúst 2011 klukkan 14:00 í Höfðagötu 3 á Hólmavík.

Mættir; Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir(Strandabyggð), Hrefna Þorvaldsdóttir (Árneshreppur, í síma), Andrea Björnsdóttir (Reykhólahreppur), Rósmundur Númason (Strandabyggð), Jenný Jensdóttir (Kaldrananeshreppur). Hildur Jakobína Gísladóttir, félagsmálastjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Reglur um félagslega heimaþjónustu og gjaldskrá

Bókun: Reglur um félagslega heimaþjónustu eru samþykktar og ákveðið gjald fyrir hana er eftirfarandi:

Einstaklingur undir 1.788.00 í tekjur Sambylisfólk undir 2.922.000 í tekjur	0 krónur
Einstaklingur 1.788.00 – 2.324.000 í tekjur Sambylisfólk undir 2.922.000 -3.798.00	365 kr/klst
Einstaklingar á milli 2.324.001-3.021.000 Sambylisfólk 3.798.001-4.938.000	664 kr/klst
Einstaklingar yfir 3.021.000 – Sambylisfólk yfir 4.938.000	974 kr/klst

Félagsmálastjóri mun upplýsa notendur og starfsfólk um breytt fyrirkomulag í félagslegri heimaþjónustu og verklagsreglur varðandi vinnuskjöl sem mun þurfa að skila inn mánaðarlega.

2. Reglur um liðveislu

Bókun: *Reglur um liðveislu eru samþykktar*

3. Fundargerð 8. Fundar BS Vest verkefnahóps um málefni fatlaðs fólks kynnt

Bókun: *Engar athugasemdir gerðar við fundargerð.*

4. Kynning á fjárhagsáætlun um málefni fatlaðs fólks hjá Byggðasamlaginu

Bókun : *Engar athugasemdir gerðar við fjárhagsáætlun vegna Bsvest 2012.*

5. Stuðningsfjölskyldu úttekt

Andrea Björnsdóttir vikur af fundi.

Bókun: Niðurstaða nefndarinnar færð í trúnaðarbók

6. Önnur mál:

- Námskeið í foreldrafærni (PMT). Beiðni félagsmálastjóra um þáttöku sveitarfélaganna í kostnað í tengdu námskeiðinu sem er í 4 lotum.

Bókun: Velferðarnefnd tekur vel í erindið og telur mjög jákvætt að fá þjónustu í nærumhverfið. Beiðnin samþykkt einhljóða.

- Afnám nafn umsækjanda um þjónustu sem synjað hefur verið þar sem það fellur ekki að viðeigandi reglum

Bókun: Velferðarnefnd tekur vel í erindi félagsmálastjóra og telur fyrirkomulagið ýta undir enn faglegri þjónustu og virðingu einstaklingsins í litlu samfélagi.

- Hvatning tómstundafulltrúa um myndun forvarnarstefnu:

Bókun : Velferðarnefnd tekur vel í erindi tómstundafulltrúa Strandabyggðar felur félagsmálastjóra að kynna sér gerð forvarnastefna annarra sveitarfélaga.

Fundi slitið klukkan 15:24.